

Dags. 10. febrúar 2009

Lok athugunar Fjármálaeftirlitsins á eigin viðskiptum Straums-Burðaráss Fjárfestingarbanka hf.

Fjármálaeftirlitið hefur lokið athugun sinni á eigin viðskiptum með rúmlega 5% hlut í Straumi-Burðaráss Fjárfestingarbanka hf., sem átti sér stað 17. ágúst 2007.

Fjármálaeftirlitið hóf athugun sína í ágúst 2007 með öflun gagna og upplýsinga frá Straumi-Burðaráss Fjárfestingarbanka hf. Við þá athugun kom í ljós að milligönguaðili viðskiptanna var Landsbanki Luxembourg S.A. og var eignarhlutur kaupenda á safnreikningi í bankanum. Fjármálaeftirlitið leitaði til Landsbanka Luxembourg S.A. til þess að óska nánari upplýsinga um kaupendur að viðkomandi hlut. Að sögn Landsbanka Luxembourg S.A. var bankanum ekki heimilt að afhenda Fjármálaeftirlitinu viðkomandi upplýsingar vegna strangra reglna um bankaleynd þar í landi. Fjármálaeftirlitið leitaði því tvívegis með ítarlega beiðni um upplýsingar til fjármálaeftirlitsins í Luxembourg „*Commission de Surveillance du Secteur Financier*“ (CSSF) til aðstoðar við öflun nauðsynlegra gagna frá Landsbanka Luxembourg S.A. Hefur málið m.a. verið skoðað í tengslum við reglur um virka eignarhluti, tilboðsskyldu og flöggun. Eftir ítarlega athugun á gögnum þeim sem bárust um raunverulega kaupendur að 5% hlut í Straumi-Burðaráss Fjárfestingarbanka hf. og öflun gagna og upplýsinga frá viðkomandi aðilum telur Fjármálaeftirlitið að fyrilliggjandi upplýsingar gefi ekki tilefni til frekari afskipta af hálfu eftirlitsins og lítur svo á að málinu sé lokið.